Aðalfundur FFÁS og fræðslustund 2026

Föstudaginn 6. mars á bókasafni Seljaskóla

Fundarstjóri: Einar Eysteinsson

Fundarritari: Ágústa Lúðvíksdóttir

Mættir voru 24 félagsmenn og 4 fylgdust með í streymi.

Formaður félagsins, Jónella Sigurjónsdóttir setti fundinn og þakkaði gestgjafanum, Dröfn Vilhjálmsdóttur, fyrir að taka á móti hópnum.

Venjuleg aðalfundarstörf og Einar Eysteinsson tekur við fundarstjórn. Dagskráin hefðbundin og vísað í lög félagsins um aðalfundarstörf.

1. Skýrsla stjórnar – formaður fór yfir störf félagsins á liðnu ári. Farið yfir síðasta stjórnarfund sem haldinn var á bókasafni Hofstaðaskóla 27. mars 2025 en þá var kosið um þá fimm aðalmenn sem skipað hafa stjórnina fram á aðalfundinn sem hér er gerð grein fyrir. Fimm manna stjórn er fámenn en ekki tókst að útvega fulltrúa í allar nefndir og ráð sem og tvo varamenn. Sagt var frá fræðsluferð félagsins 15. Maí 2025 og fræðslustund á bókasafni Laugarnesskóla þann 10. nóvember 2025. Samstarfsverkefni FFÁS hafa verið nokkur – Gerðubergsráðstefnan, lestrarhvetjandi veggspjald í samstarfi við IBBY á Íslandi og Sumarlestri almenningsbókasafnanna. Einnig fór formaður yfir þau erindi sem stjórnin hefur svarað og sent frá sér sem snúa að aðbúnaði skólasafna og starfsfólks þeirra. Formaður lauk orðum sínum á að þakka fyrir samstarfið við stjórn og félagsmenn en Jónella gefur ekki kost á sér áfram sem formaður og lýsir eftir framboðum í stjórn FFÁS.

2. Heiða Rúnarsdóttir gjaldkeri félagsins fór yfir ársreikning þess sem samþykktur var einróma af félagsmönnum.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikning félagsins – engin fyrirspurn frá fundarmönnum.

4. Lagabreytingar – engar tillögur bárust og því er engin umfjöllun um þennan lið.

5. Kosning stjórnar, varastjórnar, fræðslu- og kjaranefnda.

Stjórninni bárust engin framboð og stingur fundarstjóri upp á fundarhléi þar sem stjórnin ræðir stöðuna sem upp er komin.
Fundarstjóri leggur til að aðalfundinum verði slitið og að boðað verði til annars aðalfundar innan skamms þar sem eina viðfangsefnið verður kosning nýrrar stjórnar. Félagsmenn eindregið hvattir til að mæta á þann fund sem auglýstur verður síðar og að taka að sér stjórnarsetu. Jónella Sigurjónsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir hætta í stjórn en aðrir stjórnarmenn halda áfram; Einar Eysteinsson úr Vatnsendaskóla, Heiða Rúnarsdóttir úr Breiðagerðisskóla og Kristín Hildur Thorarensen úr Hofstaðaskóla.

Eftir að aðalfundi var slitið tekur Nína, meistaranemi í upplýsingafræði, til máls og óskar eftir viðmælendum fyrir lokaverkefni sitt sem fjallar um opin rými skólasafna og afstöðu stjórnenda til þeirra og spunnust líflegar umræður um það þar sem sitt sýnist hverjum.

Að loknu kaffihléi tók Dröfn Vilhjálmsdóttir – handhafi verðlauna Jónasar Hallgrímssonar og fyrrum formaður FFÁS til máls og kynnti starfið á skólasafni Seljaskóla og sína nálgun og hugmyndir um starfið.

Dröfn leggur mikla áherslu á lestrarhvatningu, meðal annars með sögustundum og ýmis konar leikjum. Hún leggur áherslu á afslappað og öruggt umhverfi fyrir nemendur skólans og skapar rými fyrir sköpun. Einnig fjallaði Dröfn um stöðu bókaútgáfu á Íslandi í dag en hún er í miklum samskiptum við útgefendur barna- og ungmennabóka og höfunda eftir að hafa einnig gegnt stöðu formanns IBBY á Íslandi.

Áhugaverðar umræður spunnust að loknu erindi Drafnar og ljóst að félagsmenn eru ekki af baki dottnir að viðhalda bóklestri og efla áhuga barna- og ungmenna á honum.